

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur samkv. lögum nr. 10/1960 um söluskatt með viðauka 1. marz 1970 um nógildandi 11% söluskatt, er talinn með í upphæð gjaldanna, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanskyldri notkun til rafhitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Njarðvíkur nr. 90 20. marz 1970 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 115.

8/10 1971.

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Flateyrarhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kys sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðast úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem

nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfræstur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skýti ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Flateyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

16. maí 1972.

Nr. 116.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um sóttvarnir, nr. 229 15. nóvember 1971.

1. gr.

2. málsg. 10. gr. orðist svo:

Kúabólusetningarvottorð má ekki vera eldra en 3ja ára, talið frá 8. degi eftir frumbólusetningu með jákvæðum árangri, en sé um endurbólusetningu að ræða, þá frá bólusetningardegi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. maí 1972.

Magnús Kjartansson.

Jón Ingiðmarsson.

25. maí 1972.

Nr. 117.

REGLUGERÐ

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum.

1. gr.

Af vörum, sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari, falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjöld.